

**Nd.**

**190. Nefndarálit**

[115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar frv. var tekið til umræðu og afgreiðslu í nefndinni árdegis í dag, óskaði minni hl. upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Hvað margt fólk vinnur nú á verðlagsskrifstofunni og við verðlagseftirlitið.
2. Hve mikill heildarkostnaður varð af eftirlitinu árið 1967.
3. Hvaða vörur eru nú undir verðlagseftirliti.

Vonir standa til, að þessum spurningum verði svarað við 2. umr. um málið í deildinni.

Minni hl. telur, að gera þurfi breytingar á lögnum um verðlagsmál. Sérstaklega virðist óþarft með öllu að halda uppi opinberum verðlagsákvörðunum og eftirliti með verðlagi á vörum, sem öllum er frjást að flytja til landsins. En vegna tímaskorts er vonlaust, að takast megi að koma fram lagfæringum á lögnum fyrir þinghléið, sem ráðgert er að hefjist í þessari viku. Minni hl. flytur því breytingartillögu um, að lögín skuli aðeins gilda um þriggja mánaða tíma, eða til 1. apríl næstkomandi. Má þá taka lögín til endurskoðunar á framhaldsþinginu í febrúar eða marzmánuði í vetur.

Samkv. framansögðu er hér lagt til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 1. apríl 1969.

Alþingi, 16. des. 1968.

Skúli Guðmundsson.